



## Fundargerð

Fundur í skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps  
mánudaginn 6. janúar 2014 kl. 10

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson formaður, Egill Sigurgeirsson og Herdís Matthíasdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### I. Mál til afgreiðslu.

#### 1. 1401002 – Gjaldskrár 2014.

*Gjaldskrá Reykhólahafnar lögð fram, hækkun á milli ára nemur hækkun vísitölu á milli ára skv. samþykkt sveitarstjórnar 11. desember 2012. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.*

*Gjaldskrá Vatnsveitu Reykhólahrepps lögð fram, hækkun á milli ára nemur hækkun byggingavísitölu sem í desember 2013 er 419 stig. Vatnsgjald er 0,50% af heildar fasteignamati eignar. Gjaldskrá samþykkt samhljóða.*  
*Nefndin leggur til að reglugerð um Vatnsveitu Reykhólahrepps nr 416/1991 verði endurskoðuð. Samþykkt samhljóða.*

*Gjaldskrá Fráveitu Reykhólahrepps lögð fram. Fráveitugjald er 0,20% af heildar fasteignamati eignar. Nefndin samþykkir hækkun tengigjalds í gjaldskrá. Tengigjald fyrir einbýlishúsi skal vera kr. 136.130. Tengigjald fyrir fjölbýlishús skal vera 136.130 fyrir fyrstu íbúð og kr. 81.678 á hverja íbúð þar umfram. Tengigjald fyrir atvinnuhúsnæði skal vera kr. 204.195. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.*

#### 2. 1401006 – Breyttar reglur um skráningu og vigtun sjávaraflla, ósk um athugasemdir.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 13. desember 2013.

*Nefndin gerir ekki athugasemdir við erindið. Samþykkt samhljóða.*

#### 3. 1401007 – Landnotkun í dreifbýli í landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Erindi og spurningar frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dagsett 3. janúar 2014.

*Skipulagsfulltrúa falið að svara erindinu. Samþykkt samhljóða.*

#### 4. 1401008 – Hafnarreglugerð fyrir Reykhólahöfn, endurnýjun.

*Gerð er tillaga um endurnýjun á hafnarreglugerð fyrir Reykhólahöfn. Samþykkt samhljóða. Samþykkt að fela sveitarstjóra að gera drög að nýrri hafnarreglugerð.*

## **II. Mál til kynningar.**

### **5. 1401009 – Vatnsveita Reykhólahrepps, endurnýjað starfsleyfi.**

*Starfsleyfi lagt fram og kynnt..*

### **6. 1401010 – 361. fundur Hafnasambands Íslands.**

*Fundargerð lögð fram og kynnt.*

## **III. Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin.**

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12.15.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____